

# Fréttabréf Stapa lífeyrissjóðs

Haust 2020

Frá skrifstofu Stapa

Ávöxtun fyrstu níu mánuði ársins

Hvað verður um iðgjaldið?

Hálfur lífeyrir

Lífeyrisgáttin – Öll réttindi á einum stað

Úrræði vegna COVID-19

Rafræn samskipti – Hafðu samband!

## Frá skrifstofu Stapa

Heimsfaraldur kórónaveirunnar hefur haft töluverð áhrif á rekstur Stapa. Notendur þjónustu sjóðsins eru margir hverjir í skilgreindum áhættuhópum sökum aldurs eða veikinda. Til að vernda þá sem og til að tryggja samfelldan rekstur hefur sjóðurinn þurft að loka skrifstofum sínum tímabundið fyrir heimsóknir. Þeim sem eiga erindi við sjóðinn er sinnt með rafrænum hætti gegnum tölvupóst, sjóðfélagavef og síma.

Fresta þurfti ársfundi Stapa í vor og fór hann því ekki fram fyrr en í lok júní. Fundurinn var haldinn í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri en var einnig streymt á vefsíðu sjóðsins, líkt og árið 2019. Stjórn sjóðsins er skipuð átta einstaklingum, fjórir eru tilnefndir frá launamönnum og fjórir frá atvinnurekendum. Á ársfundinum lauk stjórnarsetu Huldar Aðalbjarnardóttur en í hennar stað var kjörin Jónína Hermannsdóttir. Aðrir í stjórn eru: Erla Jónsdóttir (formaður), Tryggvi Jóhannsson (varaformaður), Kristín Halldórsdóttir, Oddný María

Gunnarsdóttir, Sverrir Mar Albertsson, Unnar Már Pétursson og Valdimar Halldórsson.

Um næstu áramót er fyrirhugað að Stapi flytji skrifstofu sína í Neskaupstað í Múllann að Bakkavegi 5. Þar verða fleiri aðilar með skrifstofur og ýmsa sameiginlega aðstöðu. Þá er einnig ánægjulegt að segja frá því að í sumar bættist við eitt stöðugildi á skrifstofu okkar í Neskaupstað þegar Svala Skúladóttir hóf störf hjá sjóðnum.


Viðbrögð við heimsfaraldrinum sem snerta starfsemi Stapa með beinum hætti hafa verið fjölþætt. Hluti af aðgerðum ríkisstjórnarinnar var að veita tímabundna heimild til úttektar séreignarsparnaðar. Sjóðurinn býður einnig greiðendum sjóðfélagalána upp á möguleika á allt að 6 mánaða frestun afborgana lánanna vegna tekjumissis af völdum heimsfaraldursins. Nánar er fjallað um þessi úrræði og ýmislegt fleira í fréttabréfinu.

## Ávöxtun fyrstu níu mánuði ársins

Þrátt fyrir krefjandi aðstæður hefur ávöxtun tryggingadeildar á fyrstu níu mánuðum ársins verið góð eða 9,8% nafnávöxtun. Það sem af er árinu hefur vægi innlendra skuldabréfa í eignasafni Stapa verið lækkað um 3% og vægi erlendra fjárfestinga aukið á móti. Breytingin er í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins og langtímamarkmið sjóðsins um 40% hlutfall erlendra eigna til lengri tíma.

Í kjölfar aukinnar tíðni smita vegna kórónuveiru á fyrri hluta ársins og hertra aðgerða stjórnvalda lækkuðu verð á hlutabréfum skarpt, sér í lagi erlendis. Seðlabankar og stjórnvöld gripu til fordæmalausra stuðningsaðgerða til að örva hagkerfin og er heimsvísitala hlutabréfa nú því sem næst í sömu gildum og í upphafi ársins. Vegna aukinnar útbreiðslu kórónuveirunnar að undanfögnu hafa efnahagshorfur versnað og óvissa er mikil. Áfram er reiknað með íhlutun stjórnvalda til að stemma stigi við efnahagslegum áhrifum farsóttarinnar.

Krónan hefur veikst töluvert á árinu en í október hóf Seðlabankinn reglubundna gjaldeyrissölu til að styðja við gengið. Þrátt fyrir þetta inngríp mælist veiking krónunnar frá áramótum nú um 17%. Þróun efnahagsmála mun að töluverðu leyti ráðast af framvindu farsóttarinnar á næstu mánuðum.



## Hvað verður um iðgjaldið?

### Tryggingadeild


Lögbundið iðgjald fer sjálfkrafa í tryggingadeild. Sjóðfélagi greiðir 4% og launagreiðandi greiðir mótframlag sem er á bilinu 8-11,5%.

### Tilgreind séreignardeild

Margir hafa val um að ráðstafa hluta af mótframlagi launagreiðenda í aðra deild en tryggingadeild. Ef það er gert færast sá hluti í tilgreinda séreignardeild.

### Séreignardeild


Séreign er valkvæð og hrein viðbót við lífeyrissparnað sjóðfélaga.



### Tryggingadeild

- Ævilöng eftirlaun
- Örorkulífeyrir
- Makalífeyrir
- Barnalífeyrir
- Hægt að hefja úttekt 60 ára
- Ávaxtast í hlutfalli við ávöxtun sjóðsins


Sjóðfélagi getur valið hvort allt að 3,5% mótframlags launagreiðanda fari í tilgreinda séreignardeild í stað tryggingadeildar.



### Tilgreind séreignardeild

- Meiri sveigjanleiki við starfslok
- Erfist við fráfall
- Hægt að hefja úttekt 62 ára
- Ávaxtast eftir ávöxtunarleið tilgreindrar séreignar

\* Eingöngu val fyrir þá sem falla undir kjarasamninga ASÍ og SA eða ef kveðið er á um það í ráðningarsamningi.



### Séreignardeild

- Meiri sveigjanleiki við starfslok
- Erfist við fráfall
- Ávaxtast eftir ávöxtunarleið sem þú velur
- Heimilt að ráðstafa skattfrjálst til kaupa á fyrstu íbúð og inn á íbúðalán
- Hægt að hefja úttekt 60 ára

Allar nánari upplýsingar og umsóknir er að finna á vef sjóðsins [www.stapi.is](http://www.stapi.is)

## Hálfur lífeyrir

Þann 1. september 2020 tóku gildi breytingar sem varða töku hálfv lífeyris frá Tryggingastofnun (TR).

Helsta breytingin felur það í sér að 50% lífeyrir frá TR verður tekjutengdur með ákveðnu frítekjumarki og er gert að skilyrði að umsækjandi sé enn á vinnumarkaði en þó ekki í meira en hálfu starfi.

Rétt er að benda á að sjóðfélagar hjá Stapa geta hafið töku 50% lífeyris frá sjóðnum hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð.

Nánari upplýsingar um hálfan lífeyrir hjá TR er á [www.tr.is](http://www.tr.is)



## Lífeyrisgáttin – Öll réttindi á einum stað

Í Lífeyrisgátt lífeyrissjóðanna eru upplýsingar um áunnin heildarréttindi í hjá öllum samtryggingarsjóðum sem sjóðfélagar hafa greitt til á starfsævinni.

Sjóðfélagar geta skoðað heildaryfirlit með því að skrá sig með rafrænum skilríkjum inn á sjóðfélagavef á vefsíðu Stapa, [www.stapi.is](http://www.stapi.is). Velja þarf flipann *Réttindi* og síðan *Lífeyrisgátt*. Áður en upplýsingarnar birtast þarf að samþykka skilmála. Eftir það birtist yfirlit yfir alla lífeyrissjóði sem greitt hefur verið til. Ef smellt er á nafn lífeyrissjóðs færast þú sjálfkrafa yfir á vefsíðu hans.

Upplýsingar frá hverjum og einum lífeyrissjóði eru fengnar úr réttindabókhaldi þess lífeyrissjóðs og eru á ábyrgð hans.

**www.stapi.is**

**Vefur sjóðfélaga**

INNSKRÁNING MEÐ  
RAFRÆNUM SKILRÍKJUM

**Réttindi**

**Lífeyrisgátt**

Á vef sjóðfélaga færðu yfirlit yfir stöðu þína hjá sjóðnum og getur afþakkað pappírskyfirlit í pósti.





**Lífeyrismál.is**

UPPLÝSINGAVEFUR UM LÍFEYRISMÁL

Á vef Landssamtaka Lífeyrissjóða, [lifeyrismal.is](https://lifeyrismal.is), má finna margvíslegt kynningarefni og upplýsingar um lífeyrismál á íslensku, ensku og pólsku.

- The Icelandic Pension Funds system explained.
- Islandzki fundusze emerytalne

## Úrræði vegna COVID-19

### Sérstök útborgun séreignar

Alþingi samþykkti tímabundna heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. Hægt er að sækja um útgreiðslu vegna þessa úrræðis til og með 31. desember 2020.

Hámarksfjárhæð útgreiðslu er 12.000.000 kr. sem greiðist út með mánaðarlegum greiðslum í allt að 15 mánuði.

Eingöngu er hægt að sækja um útgreiðslu sem samsvarar inneign þann 1. apríl 2020.

Hægt er að finna upplýsingar um inneign í séreign hjá Stapa á [vef sjóðfélaga](#).

### Greiðsluhlé sjóðfélagalána

Stapi kemur til móts við sjóðfélaga sem hafa tekið lán hjá sjóðnum og sjá fram á erfiðleika við að standa í skilum vegna útbreiðslu COVID-19.

Þetta úrræði er hugsað sem neyðarráðstöfun fyrir þá sem ekki geta greitt af lánum sínum vegna tekjubrests af völdum faraldursins. Þeir sem geta greitt afborganir af sjóðfélagalánum sínum eru hvattir til að gera það, enda er ekki um niðurfellingu gjalddaga að ræða heldur er þeim eingöngu frestað. Hægt er að sækja um greiðsluhlé í allt að 6 mánuði.

Frekari upplýsingar og umsóknir er að finna á [vefsíðu sjóðsins](#).



## Rafræn samskipti – Hafðu samband!

Á heimasíðu sjóðsins er hægt að sinna nánast öllum erindum.

- Hægt að finna allar upplýsingar um réttindi, iðgjaldagreiðslur, stöðu lána, sjóðfélagayfirlit o.fl. á [vef sjóðfélaga](#).
- Á [launagreiðendavef](#) eru allar upplýsingar um iðgjaldaskil.
- Allar umsóknir sjóðsins eru á [umsóknarvef](#). Hægt er að skila inn öllum umsóknum nema vegna sjóðfélagalána með rafrænum skilríkum. Umsóknir vegna sjóðfélagalána og önnur gögn má senda í tölvupósti á netfangið [lan@stapi.is](mailto:lan@stapi.is).
- Hægt er að senda fyrirspurnir í tölvupósti á [stapi@stapi.is](mailto:stapi@stapi.is).





---

Strandgötu 3, 600 Akureyri og Hafnarbraut 20, 740 Neskaupstað.

*Afgreiðslutími skrifstofu:*

Akureyri kl. 9:00–12:30 og 13:00–15:00. Neskaupstaður kl. 12:00–15:00.

Sími: 460 4500 | [www.stapi.is](http://www.stapi.is) | [stapi@stapi.is](mailto:stapi@stapi.is)